

2. gr.

7. gr. laga nr. 68/1967, sbr. lög nr. 19/1968, orðist þannig:

Starfa skal í Iðnlánasjóði lánadeild veiðarfæraiðnaðar, er hafi þann tilgang að efla og styrkja innlendan veiðarfæraiðnað.

Tekjur lánadeildar eru:

1. Framlög, er veitt kunna að verða úr ríkissjóði eða á annan hátt.
2. Vextir.

3. gr.

Við 1. mgr. 10. gr. laganna bætist nýr töluliður, svo hljóðandi:

5. Til framkvæmda, er auka hollustu og öryggi og bæta starfsumhverfi á vinnustöðum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, þó öðlast ákvæði 2. gr. ekki gildi fyrr en 1. janúar 1978.

Gjört í Reykjavík 16. maí 1977.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

FORSETABRÉF

um þinglausnir.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Alþingi 98. löggjafarþing, lýkur störfum miðvikudaginn 4. maí 1977. Mun ég því slíta Alþingi þann dag.

Gjört í Reykjavík, 3. maí 1977.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Geir Hallgrímsson.